

Nd.

56. Tillaga

til þingsályktunar um styrk handa lækni til að nema lyfjafræði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að kr. 6000.00 samtals á 3 árum, gegn kr. 3000.00 annarsstaðar frá, til styrktar ungum, efnilegum lækni, til þess völdum af læknadeild háskólans í samráði við landlækni, að afla sér sem fyllstrar vísindalegrar og verklegrar þekkingar í lyfjafræði, þannig, að hann verði fær um

- 1) að vera trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar og landlæknis í öllu, sem viðkemur lyfjum,
- 2) að vera forstöðumaður eða ráðunautur lyfjaverzlunar ríkisins,
- 3) að veita forstöðu lyfjarannsóknarstofu til tryggingar eftirliti með lyfjum, lyfja- og efnagerð, innflutningi lyfja, lyfsölu o. s. frv.,
- 4) að kenna lyfjafræði við læknadeild háskólans, og
- 5) að veita forstöðu skóla fyrir lyfsala, ef hann verður settur á stofn hér á landi.

Greinargerð.

Á slíkum sérfræðingi sem hér um ræðir er veruleg þörf, og verður tilfinnulegri með hverju ári. Hinsvegar engin líkindi til, að nokkur læknir gefi sig við þessum fræðum án þess að vera til þess hvattur og styrktur af ríkinu eða háskólanum, enda á þann hátt einan nokkur trygging fyrir því, að hæfur maður veljist til þess. Þar sem nú þörfin er beggja, liggur beint við, að ríkið og háskólinn hafi hér samvinnu um. Mun ekki standa á háskólanum, og hefir læknadeildin samþykkt í einu hljóði að mæla með þessari tillögu. Telur hún sig munu geta séð um, að ekki standi á því fjárframlagi, sem í tillögunni er gert ráð fyrir, að lagt verði á móti ríkisstyrknum.